



Forspil

Ave María
Franz Schubert




Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín
Hærra, minn Guð, til þín :;
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín, :;
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín, :;
hærra til þín.

*Lowell Mason
Sarah F. Adams.
Matthías Jochumsson*



Ritningarlestur

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrellinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.



Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hólða grund.
Set, meyjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

*Þorkell Sigurbjörnsson
Kolbeinn Tumason*

Ritningarlestur

Einsöngur

Sjómannavalsinn

Svavar Benediktsson - Kristján frá Djúpalæk

Guðspjall

Einsöngur

In my life

Lennon & McCartney



Minningarorð

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fegurðin í henni býr.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.
Bragi Valdimar Skúlason



Bæn - Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*P. C. Krossing
Foersom
Sveinbjörn Egilsson*

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*P. C. Krossing
Matthías Jochumsson*

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjónvun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lífi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' ég dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.
Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

*Pílagrímakórinn
Richard Wagner*



Prestur: Séra Hildur Björk Hörpudóttir

Organisti: Viðar Guðmundsson

Gítar og söngur: Regína Ósk og Sverni Þór

Kór: Karlakórinn Söngbræður

Umsjón útfarar: Borg útfararþjónusta

Ástvinir Óla þakka auðsýnda samúð og vinarhug

Að athöfn lokinni er viðstöddum boðið

að þiggja veitingar í Brúarási

Jarðsett verður í Gilsbakkakirkjugarði

að lokinni erfidrykkju



Ólafur D. Guðmundsson

Fæddur 19. mars 1949

Dáinn 17. júlí 2022



Útför frá Reykholtskirkju
miðvikudaginn 27. júlí 2022